

Truenorth
Fiskislóð 31a
101 Reykjavík

Garðabær, 6. maí 2025
202505-0005/P.V.B.
14.04

Efni: Akstur utan vega við Sauðafellsvatn

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Truenorth, dagsett 28. apríl 2025 með viðbótarupplýsingum 2. maí 2025, um leyfi til aksturs utan vega við Sauðafellsvatn.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að keyra eftir slóða sem liggur frá Landmannaleið að Sauðafellsvatni og innan tökustaða við vatnið. Kort sem sýnir legu akstursleiða og staðsetningu vinnubúða og tökuvæða fylgdi með umsókn. Um er að ræða jeppa, sendibíla og fjórhjól eða buggybíla. Aksturinn færi fram 7.-8. maí 2025. Að tökum loknum yrði öll ummerki akstursins fjarlægð.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun telur ólíklegt að verkefnið muni hafa varanleg neikvæð áhrif á náttúrufar svæðisins. För munu myndast vegna aksturs utan vega, en þau verða svo afmáð þegar verkefni lýkur. Svæðið er allt lítið eða ekkert gróið og því ljóst að varanleg för verði ekki sjáanleg sé farið eftir skilyrðum leyfis.

Skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir Truenorth fyrir sitt leyti leyfi fyrir akstri utan vega við Sauðafellsvatn sbr. lýsingu hér að ofan 7.-8. maí 2025 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Koma skal fyrir merkingum á tökustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Náttúruverndarstofnun.

- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki akstursins.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að aksturinn valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Einungis skal aka tækjunum að tókustað og eftir þeirri leið sem skilgreind var í verklýsingu. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Aðrar bifreiðar en þær sem óskað er eftir leyfi til að keyra utan vega vegna kvikmyndatökunnar er ekki heimilt að keyra utan vega.
- Takmarka skal akstur farartækjanna utan vega eins og kostur er.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Óheimilt er að aka yfir gróíð svæði.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Leiðin sem til stendur að keyra er skráð sem vegur með takmarkaða umferð sbr. skýringaruppdráttur nr. 6 í Aðalskiplagi Rangárbings Ytra 2016-2028. Afla þarf samþykkis sveitarfélagsins fyrir akstri eftir leiðinni.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Náttúruverndarstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um akstur utan vega er kr. **62.400**- sbr. 6. gr. í gjaldskrá Náttúruverndarstofnunar nr. 354/2025.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Náttúruverndarstofnun.

Hákon Ásgeirsson
sviðstjóri

Daníel Freyr Jónsson
sérfræðingur